

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 18. maí 2017 breytingu á deiliskipulagi:

Munni Dýrafjarðarganga í landi Rauðsstaða og Borgar.

Breytingin felst í því að skipulagssvæðið stækkar, með nýju svæði fyrir vinnubúðir, sk. suður-svæði við Mjólka, og lóð fyrir vinnubúðir á neðra svæði fellur út. Auk þess færast steypustöð af neðra svæði yfir á það efra og olíugeymir á efra svæði skipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Ísafirði, 26. október 2017.

Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2017